



## Stjórnarfundur 8 föstudaginn 6. júní 2013 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Svala Vignisdóttir og Aðalsteinn Einar Eymundsson  
Afboð og mættu ekki: Kristján Geir Guðmundsson, Hreggviður Norðdahl, Valdimar Hafsteinsson og Óskar Hauksson.

### Dagskrá

- Ársþing BLÍ
  - Skýrslur
  - Nefndir
  - kosningar
- Unglingalandslið
- Framundan í sumar
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Ársþing BLÍ

- Ársskýrsla BLÍ er í vinnslu og verið er að lesa yfir síðustu skýrslurnar fyrir prentun á morgun.
- Nefndarstarf á þinginu. Ákveðið að Svala taki að sér kjörbréfanefnd, Aðalsteinn verður með Fjárhagsnefnd og Stefán með Allsherjarnefnd.
- Kosningar um formann BLÍ og tvo stjórnarmenn.
- Rætt um þá aðila sem fá silfurmerki sambandsins og ákveðið að sæma þrjá einstaklinga úr hreyfingunni.
- Gjaldkeri BLÍ tilkynnti að búið væri að endurskoða ársreikninga síðasta árs og fór lauslega yfir reikninginn á fundinum. Reikningurinn er nokkuð góður og greinilegt að við stefnum í rétta átt fjárhagslega.

#### Unglingalandslið

- Landsliðsnefnd vinnur að ráðningu þjálfara og er með nokkra í sigtinu. Það þarf að skoða vel hvaða leikmenn koma til greina í ungingalandsliðin en fyrir liggur að U19 fari til Íkast í Danmörku um miðjan október og U17 fari til Englands í lok október. Í U19 ára landsliði eru leikmenn fæddir 1994 og síðar. Í U17 ára landsliði eru leikmenn fæddir 1996 og síðar.

#### Framundan í sumar

- Eftir ársþing þarf að huga að þátttökutíðingum fyrir næsta leiktímabil.
- Sævar fer í sumarfrí 18. júní og kemur til baka 15. júlí.
- Kom upp hugmynd um að koma til félaganna bréfi um útbreiðslu og styrk vegna þess málaflokks.

#### Önnur mál

- Sævar las upp tillögu um breytingu á starfsreglum aganefndar er lúta að leikbönum þar sem leikreglum hefur verið breytt um viðurlög og refsingar. Tillagan verður borin upp á ársþingi til fyrirtöku.
- Umræða fór fram um heimasíðu fyrir Öldungamót – síða sem yrði eign BLÍ en mótshaldari fengi afnot af í aðdraganda móts. Jákvætt skref að mati BLÍ.
- Rætt um gengi landsliðanna á síðustu Smáþjóðaleikum og því áhyggjuefni sem fylgir í kjölfarið. Ljóst er að eitthvað þarf að gera til þess að betri árangur fari að sjást á Smáþjóðaleikum.

Fundi slitið kl. 18:00

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð